

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 28. apríl 2021

Mál nr. E-2720/2017:

Beko-Dimon Fishing Co.

Hlynur Halldórsson lögmaður

gegn

TVG-Zimsen ehf.

Einar Baldvin Axelsson lögmaður

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess, þann 31. mars sl., var höfðað með stefnu, birtri þann 8. september 2017, af stefnanda, Beko-Dimon Fishing Co. EOU, 4/684 Karumpalam & Post Coonoor, The Nilgiris – 643102 Tamilnadu, Indlandi, gegn stefnda, TVG-Zimsen ehf., Korngörðum 2, Reykjavík.

Stefnandi gerir í málinu eftirfarandi dómkröfur:

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 675.000,00 bandaríkjadollara (USD), aðallega með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, af 540.786,27 USD frá 20. september 2016 til 14. september 2017, en af 675.000,00 USD með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, en til vara að stefndi greiði dráttarvexti af 675.000,00 bandaríkjadollurum (USD) samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þingfestingardegi 14. september 2017 til greiðsludags.

Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 540.786,27 bandaríkjadollara (USD), aðallega með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 20. september 2016 til 14. september 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, en til vara að stefndi greiði dráttarvexti af sömu fjárhæð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þingfestingardegi 14. september 2017 til greiðsludags.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda vegna þess tjóns sem stefnandi varð fyrir þegar stefndi afhenti með ólögmætum hætti og í andstöðu við fyrirmæli stefnanda móttakanda vörunnar, Icepuffins ehf., vörur sem tilgreindar eru á farmskírteini með auðkennið STC/CHE/2792.

Í öllum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara krefst stefndi að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Ágreiningsefni og málsatvik

Málsaðilar deila um mögulega ábyrgð stefnda á tjóni sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna mistaka við afhendingu vörusendingar frá stefnanda til kaupanda hér á landi en kaupandinn fékk afhenta vöru frá stefnda án þess að hafa í upphafi tilskilið farmskírteini og stóð síðan ekki skil á greiðslu til stefnanda. Málsaðila greinir að nokkru á um málsatvik en þó einkum um stöðu þeirra í umræddu viðskiptasambandi.

Stefnandi lýsir atvikum svo að hann sé framleiðandi og seljandi veiðarfæra og búnaðar á Indlandi. Stefnandi hafi selt félaginu Icepuffin ehf. vörur samkvæmt vörureikningi, dags. 8. ágúst 2016, að fjárhæð 540.786,27 bandaríkjadollara (USD). Samkvæmt kaupskilmálum og vörureikningi hafi greiðsluskilmálar verið þeir að kaupandi skyldi greiða vörureikninginn innan 180 daga frá útgáfu farmskírteinis. Stefnandi gaf viðskiptabanka sínum á Indlandi, State Bank of India, fyrirmæli um það að fela Arion banka hf. á Íslandi að afhenda kaupanda viðskiptaskjöl kaupanda gegn því skilyrði að kaupandi samþykkti greiðslufyrirkomulag (e. Documents Against Acceptance) í samræmi við Uniform Rules for Collection, 1995 Revision ICC Publication No. 522. Í fyrirmælunum fólst að kaupandi sendingarinnar, Icepuffin ehf., skyldi fá viðskiptaskjöl vörukaupanna, þ.e. vörureikning, farmskírteini (þrjú eintök), pökkunarlista, upprunavottorð og sóttreinsunarovottorð afhent gegn því að samþykkja skuldfærslu á reikningi vörukaupanda hjá Arion banka í samræmi við greiðsluskilmála vörureikningsins. Hafi viðskiptabanki stefnanda sent fyrirmæli um framangreint til Arion banka, þann 3. september 2016. Til tryggingar skuldfærslunni skyldi Arion banki ekki afhenda viðskiptaskjölin til kaupanda vörunnar, Icepuffins ehf., fyrr en kaupandinn samþykkti vörureikninginn og hefði með því gefið bankanum heimild til þess að skuldafæra reikning kaupanda hjá Arion banka hf.

Vörur samkvæmt framangreindum vörureikningi hafi verið sendar til kaupanda og því verið gefið út farmskírteini af Shine Travels & Cargo PVT. Ltd., með auðkenni STC/CHE/2792, 11. ágúst 2016, í Chennai á Indlandi. Samkvæmt farmskírteininu hafi móttakandi sendingarinnar verið Icepuffin ehf., Hamarshöfða 1, Reykjavík, en umboðsmaður stefnanda á afhendingarstað í Reykjavík væri stefndi, TVG-Ziensen ehf. Í samræmi við þessa tilhögun kaupanna hafi umboðsmaður stefnanda, Shine Travels & Cargo & Co., haft samband við stefnda, 22. ágúst 2016, og gefið stefnda fyrirmæli frá stefnanda með sendingunni STC/CHE/2792 um það að stefndi mætti eingöngu afhenda sendinguna til móttakanda gegn framvísun frumrits farmskírteinis

STC/CHE/2792 auk greiðslna tiltekinna gjalda frá kaupanda vörunnar og móttakanda, Icepuffin ehf. Stefndi staðfesti móttöku fyrir mælanna í tölvupósti 2. september 2016.

Stefnandi sendi svo Arion banka hf. viðskiptaskjölun með hraðpóstsendingu og voru þau móttakin af Arion banka hf., þann 5. september 2016. Vörusendingin mun, samkvæmt upplýsingum stefnanda, hafa komið til losunarhafnar í Reykjavík þann 19. september 2016. Þann 20. september 2016 mun stefndi hafa gengið frá tollskýrslu og tollafgreitt vörusendinguna fyrir hönd kaupanda og móttakanda Icepuffins ehf. Í framhaldi hafi stefndi gefið fyrir mæli um að afhenda sendinguna Icepuffin ehf., þrátt fyrir að á þeim tíma hafi öll skjöl er vörðuðu vörukaupin, þ. á m. framangreind frumrit farmskírteina, verið í vörslu Arion banka í Reykjavík. Afhendingin hafi brotið gegn skýrum fyrir mælum frá stefnanda frá 22. ágúst 2016 um það að eingöngu mætti afhenda kaupanda vörusendinguna gegn framvísun m.a. frumrits farmskírteina.

Stefnandi lýsir því svo að í október 2016 hafi hann fengið vísbendingar um það að mögulega hefði stefndi þegar afhent vörusendinguna í trássi við fyrir mæli hans, þ.e. án þess að kaupandi og móttakandi hennar hefði framvísað þeim viðskiptaskjölum er heimiluðu stefnda að afhenda vörunnar. Vegna þessa sendi umboðsmaður stefnanda stefnda tölvupóst og bað hann um upplýsingar og afrit af farmskírteini sendingarinnar. Stefndi hafi ekki orðið við ítrekuðum beiðnum umboðsmanns stefnanda um að senda ljósrit af farmskírteini vörusendingarinnar. Ekki verði séð af samskiptum sem fyrir liggja að stefndi hafi upplýst stefnda um að stefndi hafi 20. september 2016 þegar afhent sendinguna án framvísunar flutningskjala heldur hafi stefndi upplýst stefnda um að stefndi væri að leita að flutningsskjölum, þ. á m. frumriti farmskírteinis fyrir sendingunni. Þann 8. nóvember 2016 hafi starfsmaður stefnda sent umboðsmanni stefnanda tölvupóst þar sem stefndi hafi í fyrsta skipti staðfest að hafa afhent vöruna til móttakanda í trássi við fyrir mæli stefnanda. Þann 9. nóvember 2016 hafi stefndi vísað fyrirspurnum umboðsmanna stefnanda til tjónadeildar Eimskips, sem virðist hafa tekið að sér fyrir svar fyrir stefnda eftir þann tíma. Í tölvupósti umboðsmanns stefnanda, 17. nóvember 2016, til umboðsmanns stefnda, hafi stefndi staðfest að hann hafði tollafgreitt vörusendinguna sem umboðsmaður kaupanda, 20. september 2016, og afhent hana kaupanda og móttakanda Icepuffins ehf. Segi þar að stefndi hafi við tollskýrslugerð vegna tollafgreiðslu vörusendingarinnar notað vörureikning sem kaupandi vörunnar, Icepuffin ehf., hafði framvísað til stefnda, þar sem kaupverð vörusendingarinnar var sagt vera USD 66.386,00. Þann 24. nóvember 2016 staðfesti kaupandi sendingarinnar, Icepuffin ehf., greiðslufyrir mæli stefnanda í Arion banka, fjárhæð vörureiknings stefnanda og fyrir mæli um skuldfærslu reiknings samkvæmt greiðslufyrir mælunum. Afhenti Arion banki þá kaupanda viðskiptaskjölun í samræmi við greiðslufyrir mælin, þar á meðal þrjú frumrit af framangreindum farmskírteinum

STC/CHE/2792. Sama dag tilkynnti stefndi stefnanda að hann hefði öll þrjú frumrit farmskírteinis sendingarinnar undir höndum og væri málinu lokið hvað hann varðaði.

Samkvæmt greiðslufyrirmælunum var gjalddagi vörureiknings 10. febrúar 2017 (180 dögum eftir útgáfu farmskírteinis) en á gjalddaga reyndist ekki vera innstæða á skuldfærslureikningi vörukaupanda, Icepuffins ehf., á bankareikningi í Arion banka í samræmi við greiðslufyrirmæli. Kaupandinn hafi hvorki greitt kröfu stefnanda, orðið við áskorunum um að greiða kröfuna, né skilað vörunni til stefnanda. Stefnandi hóf því málsókn gegn vörukaupanda og fékk útivistardóm fyrir þeirri kröfu sinni á hendur honum en aðför reyndist árangurslaus. Stefnandi ritaði stefnda enn fremur bréf, 17. ágúst 2017, þar sem hann lýsti yfir ábyrgð á hendur stefnda vegna þess tjóns sem hann hefði orðið fyrir vegna athafna stefnda og krafðist viðurkenningar hans á bótaskyldu. Stefndi hafi svarað þann 31. ágúst 2017 og hafnað allri ábyrgð og því sé málið höfðað.

Stefndi gerir athugasemdir við framangreinda lýsingu stefnanda á málsatvikum, sem hann telur að hluta til vera ranga. Stefndi, TVG-Zimsen ehf., sé flutningsmiðlari, sem taki að sér að útvega viðskiptavinum sínum flutning og aðra tengda þjónustu, og umboðsmaður erlendra skipa og skipafélaga hér á landi. Samkvæmt þjónustusamningi skipafélagsins CMA-CGM og stefnda, dags. 1. maí 2007, þá sé stefndi umboðsmaður CMA-CGM á Íslandi. Eitt af hlutverkum stefnda sem umboðsmaður CMA-CGM sé að útvega CMA-CGM flutning á farmi sem CMA-CGM hafi tekið að sér frá viðkomuhöfnum sínum í Evrópu til Íslands og vera umboðsmaður CMA-CGM við afhendingu farmsins til móttakanda í losunarhöfn á Íslandi. Þessi umboðsmennska gefi stefnda enn fremur tækifæri á að veita móttakanda tollmiðlaraþjónustu sem sé óháð flutningnum sjálfum og nefndum samningi stefnda við félagið CMA-CGM.

Hvað varðar sendingu þá sem málið fjallar um þá beri gögn málsins með sér að Shine Travels & Cargo Pvt. Ltd. (hér eftir „Shine“) hafi með farmsamningi tekið að sér sem farmflytjandi flutning á línu og önglum (hér eftir „varan“) fyrir stefnanda, farmsamningshafa, frá Indlandi til Íslands og að afhenda þar kaupandanum, Icepuffin Fishing Gear ehf. (hér eftir „Icepuffin“), vöruna í Reykjavík. Þessum farmsamningi til staðfestingar hafi Shine, 11. ágúst 2016, gefið út farmskírteini fyrir fjölþáttaflutning nr. STC/CHE/2792 til stefnanda (þ.e. „House Bill of Lading“ eða „HBL“). Í því komi m.a. fram að félagið Shine hafi tekið að sér sem farmflytjandi að flytja 9 bretti af línu og önglum, alls 8.485,10 kg að þyngd, í gáminum TGNU3593838 frá lestunarhöfn í Chennai á Indlandi til afhendingarstaðar í Reykjavík. Sendandinn samkvæmt því er stefnandi og móttakandinn Icepuffin. Umboðsmaður sem eigi að hafa samband við á ákvörðunarstað sé stefndi. Tekið sé fram að afhenda eigi eitt frumrit farmskírteinisins, rétt framseldu, í skiptum fyrir vöruna, en gefin hafi verið út þrjú frumrit af því.

Shine hafi fengið skipafélagið CMA-CGM til þess að annast flutninginn að öllu leyti frá Indlandi til Íslands. Með því hafi CMA-CGM orðið framkvæmdarflytjandi,

eins og það sé nefnt í flutningarétti. Því til staðfestingar hafi CMA-CGM, 15. ágúst 2016, gefið út óframseljanlegt fylgibréf nr. IN80657165 til Shine (þ.e. „Ocean Bill of Lading“ eða „OBL“) þar sem fram komi að CMA-CGM hafi tekið að sér sem farmflytjandi að flytja þessi 9 bretti frá Chennai á Indlandi til Reykjavíkur. Sendandi sé Shine og móttakandi stefndi. Fram komi að stefndi sé umboðsmaður í losunarhöfn.

Þar sem CMA-CGM stundi ekki sjálft siglingar til Íslands hafi það fengið stefnda til að sjá um Íslandshluta flutningsins á grundvelli framangreinds þjónustusamnings fyrirtækjanna og til að sjá um afhendingu farmsins til móttakanda í Reykjavík. Stefndi hafi samið við Eimskip Íslands ehf. (hér eftir Eimskip) um það að annast flutning farmsins fyrir CMA-CGM frá Rotterdam til Reykjavíkur og afhenda sér farminn fyrir hönd CMA-CGM. Þeim samningi til staðfestingar hafi Eimskip, 15. september 2016, gefið út óframseljanlegt fylgibréf nr. W154 til CMA-CGM þar sem fram komi að Eimskip hafi tekið að sér sem farmflytjandi að flytja nefnd 9 bretti frá Rotterdam til Reykjavíkur. Sendandi sé CMA-CGM og móttakandi stefndi.

Af framangreindum þremur farmbréfum megi ráða að stefndi hafi því ekki verið umboðsmaður stefnanda á afhendingarstað í Reykjavík, eins og stefnandi haldi fram, heldur verið umboðsmaður fyrir CMA-CGM, sem hafi tekið það að sér að annast um flutninginn að öllu leyti fyrir Shine. Sem umboðsmaður CMA-CGM hafi stefndi annars vegar séð um að útvega flutning á farminum frá Rotterdam til Reykjavíkur og hins vegar að sjá um afhendingu á farminum á afhendingarstað í Reykjavík fyrir hönd CMA-CGM. Þá beri farmbréfin það með sér að Shine hafi ekki verið umboðsmaður stefnanda, eins og stefnandi haldi fram, heldur gagnaðili hans í flutningssamningi þeirra, sem fram komi í framangreindu farmskírteini Shine (HBL). Þannig hafi Shine formlega talist vera farmflytjandi en stefnandi farmsamningshafi. Það sé því að mati stefnda röng nálgun stefnanda að stefndi og Shine hafi verið umboðsmenn stefnanda.

Þann 20. september 2016 hafi stefndi sent komutilkynningu varðandi vöruna til móttakandans, Icepuffins. Í henni komi fram flutningsgjöld og kostnaður við losun farmsins á Íslandi, sem stefnda hafi verið falið að innheimta í samræmi við samning sinn við CMA-CGM. Áður, eða 22. ágúst 2016, hafi Shine sent tölvupóst til stefnda, umboðsmanns CMA-CGM, þar sem flutningnum sé lýst, fyrstu tvö farmbréfin tiltekin og óskað eftir því að stefndi innheimti frumrit af farmskírteininu (HBL), kostnað sinn hjá móttakanda og gæfi út afhendingarheimild svo að hægt væri að tollafgreiða og afhenda vöruna á Íslandi. Stefndi hafi staðfest móttöku á þessum fyrirmælum 2. september 2016. Þann 20. september 2016 hafi stefndi sent reikning til móttakandans, Icepuffins, nr. 152608, þar sem gerð hafi verið krafa um greiðslu kostnaðar við losun farmsins á Íslandi. Í kjölfarið hafi stefndi svo tekið að sér að tollafgreiða vöruna fyrir móttakandann, Icepuffin. Til þess hafi Icepuffin afhent stefnda afrit af reikningi nr. EXP 003, dags. 8. ágúst 2016, vegna vörunnar að fjárhæð USD 66.386, með gjalddaga

180 dögum eftir útgáfu farmskírteinis. Hafi varan verið tollafgreidd á grundvelli þessa vörureiknings og reikningur verið gefinn út til Icepuffins fyrir þessa þjónustu.

Stefndi árétti að hann hafi verið í góðri trú um að þessi reikningur væri réttur og sýndi þar af leiðandi rétt markaðsverð vörunnar, enda hafi hann verið í samræmi við reikninga fyrir sams konar vörur og þær sem stefnandi hafi selt Icepuffins og verið sendar hingað til lands með sama hætti fyrr á árunum 2016 og 2015. Þær sams konar vörur hafi stefndi tollafgreitt fyrir Icepuffin, en um sé að ræða eftirfarandi sendingar:

Númer reiknings	Fjárhæð	Vörulýsing
EXP002/14.01.2015	USD 126.426	10 bretti af önglum
EXP004/22.02.2016	USD 138.645	20 bretti af línu og önglum
EXP006/31.03.2016	USD 110.750	22 bretti af línu og önglum
EXP001/04.05.2016	USD 4.588	1 bretti af böndum
EXP002/31.05.2016	USD 114.764	18 bretti af línu og önglum

Sem dæmi bendi stefndi á að í fyrirliggjandi reikningi EXP006, dags. 31. mars 2016, þá sé að finna nákvæmlega sömu vörur og mál þetta snúist um. Samkvæmt þeim reikningi kosti hver metri af línu 0,47 og krókarnir 0,051 og 0.060 stykkið. Í þeim vörureikningi, sem stefndi hafi fengið afrit af til þess að tollafgreiða þær vörur sem málið snúist um, kosti hver metri af sömu línu 0,53 og krókarnir það sama.

Bílstjóri á vegum stefnda hafi afhent vöruna til móttakandans, Icepuffins, 30. september 2016. Þann 14. október 2016 hafi síðan Shine óskað eftir upplýsingum um hvenær stefndi hefði fengið frumrit farmskírteinisins (HBL) og afhent móttakanda farminn. Hafi þá komið í ljós að Icepuffin hafði ekki afhent stefnda frumrit farmskírteinisins. Stefndi hafi þá strax haft samband við Icepuffin, er hafi þá upplýst að frumrit farmskírteinisins ásamt vörureikningi og öðrum skjölum hefði verið sent til Arion banka í skjalainnheimtu með fyrirmælum um að ekki mætti afhenda skjölin, þ.m.t. öll frumrit farmskírteinisins, til Icepuffins nema gegn því að félagið ritaði undir heimild til skuldfærslu á bankareikning sinn hjá Arion banka sem nemi verðmæti vörunnar samkvæmt vörureikningi. En einhverra hluta vegna þá hefði rangur vörureikningur verið sendur til Arion banka og væru þeir að leysa úr því með stefnanda. Umrædd fyrirmæli til Arion banka liggi fyrir, en í þeim komi fram að bankinn megi afhenda viðkomandi skjöl, þ.m.t. þrjú frumrit af farmskírteininu, gegn samþykki um skuldfærslu, en ekki greiðslu kaupverðs. Þrátt fyrir að stefndi væri að vinna í því að fá þessi frumrit frá móttakanda, eins og hann hafði verið beðinn um, hafi Shine margsinnis ítrekað ósk sína um að fá frumrit farmskírteinisins, eins og nánar komi fram í fyrirliggjandi tölvupóstum stefnda og Shine frá þessum tíma. Þegar Shine hafi síðan gert kröfu á hendur stefnda, 26. október 2016, að fjárhæð USD 900.000, þá hafi stefndi ekki talið allt vera sem sýnist í þessu máli, enda hafi stefndi staðið í þeirri góðu trú að verðmæti vörunnar væru USD 66.386. Stefndi hafi því

óskaði eftir upplýsingum frá Arion banka um skjalainnheimtuna. Í svari Arion banka, 11. nóvember 2016, komi fram að þrjár skjalainnheimur hefðu verið opnaðar milli þessara aðila með því skilyrði að ekki skyldi afhenda Icepuffin frumrit farmskírteinis nema það samþykkti innheimtuna með undirritun á skuldfærsluheimild að sömu fjárhæð og viðkomandi reikningur;

a) Nr. 110000000786; farmskírteini nr. STC/CHE/2777; vörureikningur nr. EXP 002 dags. 31.05.2016 að fjárhæð USD 1.134.016 með gjalddaga 16.12.2016; vegna Icepuffins.

b) Nr. 110000000793; farmskírteini nr. STC/CHE/2792; vörureikningur nr. EXP 003 dags. 08.08.2016 að fjárhæð USD 540.786,27 með gjalddaga 10.02.2017, vegna Icepuffins (sending þessa máls).

c) Nr. 110000000801; farmskírteini nr. STC/CHE/2797; vörureikningur nr. EXP 004 dags. 05.09.2016 að fjárhæð USD 325.080 með gjalddaga 10.03.2017, vegna Icepuffins.

Þar sem fjárhæðir reikninganna í Arion banka og fjárhæðir þeirra reikninga sem framvísað hafi verið til stefnda til tollafgreiðslu virtust ekki vera þær sömu hafi stefndi upplýst Tollstjórnin í Reykjavík um málið og ætlar að það sé þá þar til rannsóknar.

Að lokum hafi mál þetta farið svo að Icepuffin hafi undirritað framangreinda skuldfærsluheimild í Arion banka og með því fengið öll þrjú frumrit farmskírteinisins, sem hann hafi afhent stefnda 24. nóvember 2016, löngu fyrir gjalddaga reikningsins. Strax í kjölfarið hafi stefndi upplýst Shine um að frumritin hefðu verið móttækin og sent því félagi afrit af þeim. Með því hafi stefndi talið málinu lokið, enda gjalddagi reikningsins ekki verið fyrir en í febrúar 2018 og því ljóst að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna afhendingarinnar og tafar er orðið hafi á framvísun farmskírteinisins.

Þann 1. desember 2016 hafi stefnda borist tölvupóstur frá Shine þar sem staðfest hafi verið móttaka frumrita. Þá vísi Shine þar til samskipta við stefnanda sem sé ósáttur við hvað hafi tekið langan tíma að fá frumritin og hafi gert kröfu á hendur Shine vegna kostnaðar og vandræða af málinu. Af þeim sökum hafi Shine lagt til að stefndi skyldi bjóða stefnanda ótilgreinda greiðslu til að leysa málið. Stefndi hafi hafnað þeirri ósk í tölvupósti 13. desember 2016, enda ljóst að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni þar sem gjalddagi reikningsins hafi ekki verið fyrir en í febrúar 2017, löngu eftir að frumrit farmskírteinisins hafi komist í hans hendur. Í tölvupósti, 17. apríl 2017, hafi Shine óskað eftir því að stefndi aðstoðaði viðskiptavin sinn, stefnanda, við að innheimta kröfuna hjá Icepuffin. Það hafi hins vegar ekki verið fyrir en með bréfi 17. ágúst 2017 sem stefndi hafi fyrst heyrt frá stefnanda vegna málsins, en þann dag hafi stefnandi krafist hann um bætur vegna rangrar afhendingar á vörunni án þess þó að fjárhæð kröfunnar væri tilgreind. Stefndi hafi hafnað kröfunni í bréfi, 31. ágúst 2017, en í kjölfarið hafi málið verið höfðað með birtingu stefnu, 8. september 2017.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefndi sé flutningsmiðlun sem sérhæfi sig í vörugeymslu, vöruvörslu, skjalaumsjón, tollskýrslugerð og annarri þjónustu tengdri vöruflytingum. Stefndi gegni því veigamiklu hlutverki í alþjóðlegum viðskiptum, einkum er seljendur, líkt og stefnandi, þurfi að senda vörur á milli landa og afhenda kaupendum gegn greiðslu kaupverðs. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi tekið að sér þjónustu fyrir stefnanda. Stefndi hafi tekið við fyrirmælum um það að hafa í vörslum vörur stefnanda og eingöngu afhenda móttakanda vöruna gegn framvísun viðskiptaskjala, þ. á m. frumriti farmskírteina.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi með stórkostlegu gáleysi brotið gegn skýrum fyrirmælum sem stefnandi hafi gefið stefnda um tilhögun á afhendingu vörunnar. Stefndi hafi mótttekið fyrirmælin og staðfest og skuldbundið sig til þess að afhenda ekki vörusendinguna nema gegn framvísun m.a. farmskírteinis. Þau fyrirmæli hafi stefndi brotið þegar hann hafi afhent vörusendinguna í trássi við skýr fyrirmæli stefnanda. Að auki hafi stefndi tollafgreitt vörusendinguna án þess að kaupandi vörunnar hafi framvísað réttmætum vörureikningi fyrir vörunum útgefnum af stefnanda. Hafi stefndi þannig afhent vörur stefnanda í fullkomnu heimildarleysi. Á framangreindum athöfnum beri stefndi fulla og ótakmarkaða ábyrgð.

Stefnandi byggir á því að á stefnda hvíli sérfræðiábyrgð og að gera megi strangar kröfur til þjónustu stefnda á þessu sviði, sérstaklega í ljósi fyrirmæla stefnanda. Hafi stefnandi mátt treysta því að á meðan frumrit farmskírteina og viðskiptaskjala væru í vörslum Arion banka þá myndi stefndi ekki afhenda vöruna. Í málinu liggja fyrir að á þeim tíma sem stefndi hafi afhent vörusendinguna hafi öll frumrit farmskírteina verið í vörslum Arion banka. Með því að brjóta gegn fyrirmælum stefnanda hafi stefnandi misst stjórn á vörunni og ekki getað komið í veg fyrir afhendingu hennar eftir að kaupandinn hafði framvísað röngum vörureikningi og án framvísunar á farmskírteini. Verði háttsemi móttakanda ekki skilin öðruvísi en að hann hafi aldrei ætlað að greiða fyrir vörunnar. Hafi stefnandi orðið fyrir fjártjóni vegna saknæmrar háttsemi stefnda.

Byggi stefnandi aðallega á meginreglum skaðabótaréttar um sérfræðiábyrgð þar sem sérfróður aðili veiti sérhæfða þjónustu í atvinnuskyni en til vara á almennum reglum skaðabótaréttar, einkum sakarreglunni. Í báðum tilvikum séu skilyrði sakarreglunnar uppfyllt. Stefndi og starfsmenn hans hafi valdið stefnanda tjóni með saknæmri og ólögumháttsemi, orsakatengsl séu á milli tjóns stefnanda og athafna stefnda og tjónið sé sennileg afleiðing af athöfnum stefnda. Stefndi geti hér ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmarkanir í almennum skilmálum hans þar sem stefndi hafi valdið stefnanda tjóni með athöfnum sem jafna megi til ásetnings eða stórfellds gáleysis.

Þá byggir stefnandi einnig á því að vegna verulegra vanefnda stefnda á samnings- skuldbindingum sínum við stefnanda leiði það af 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 að stefndi geti hvorki borið fyrir sig ákvæði í almennum skilmálum eða öðrum skilmálum

sem hann telji að gildi um veitta þjónustu né ákvæði þeirra farmskírteina, farm- eða fylgibréfa sem varði vörusendinguna til að takmarka eða undanskilja sig ábyrgð á tjóni stefnanda. Með því að stefndi hafi afhent vörur án þess að frumriti væri framvísað hafi stefndi brotið gegn fyrirmælum stefnanda sem hann hafi mótttekið og staðfest auk þess að taka þátt í að tollafgreiða vöruna fyrir móttakanda með röngum vörureikningi. Með framangreindum athöfnum hafi stefndi með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi tekið áhættu sem leiði til þess að hann geti ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmarkanir á grundvelli samningsskilmála eða samninga. Byggi stefnandi á því að bótaábyrgð stefnda sé ótakmörkuð og afmarkist eingöngu af almennum reglum skaðabótaréttar.

Þá sé byggt á meginreglum samningaréttar og ákvæðum laga nr. 7/1936 um skyldur umboðsmanna og bótaábyrgð umboðsmanns, einkum regluna um það þegar umboðsmaður hafi brotið gegn fyrirmælum frá umbjóðanda, líkt og stefndi hafi gert gagnvart stefnanda. Þá sé byggt á reglum og venjum flutningaréttar um skyldur og ábyrgð flutningsmiðlara og meginreglna og ákvæða siglingalaga nr. 34/1985. Prautavarakrafa til viðurkenningar á skaðabótaskyldu byggi á öllum málsástæðum og lagarökum er rakin séu að framan. Stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að skorið verði úr um bótaskyldu stefnda vegna saknæmrar háttsemi hans sem leitt hafi til þess að stefnandi hafi glatað umráðum yfir vörunum og hann orðið fyrir tjóni. Um heimild til að krefjast viðurkenningar á bótaskyldu vísist til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Kaupandi vörunnar, Icepuffins ehf., hafi komist yfir vörur stefnanda vegna háttsemi stefnda er jafna verði til ásetnings eða stórfellds gáleysis. Stefnandi hafi brotið gegn skýrum fyrirmælum stefnanda auk þess sem hann hafi tollafgreitt vöruna með öðrum og lægri vörureikningi, sem kaupandi hafi framvísað, en þeim sem gefinn hafi verið út af stefnanda vegna vörusendingarinnar. Tjón stefnanda felist í því að þegar stefndi hafi afhent vöruna í trássi við fyrirmæli stefnanda hafi stefnandi ekki lengur frá þeim tíma haft umráð yfir vörunni, m.a. til þess að annað hvort selja öðrum vöruna eða láta endursenda hana til sín. Stefnandi hafi mátt treysta því að á meðan viðskipta-skjölín er tengdust vörusendingunni væru í vörslum Arion banka, þá væru vörunnar í vörslum stefnda samkvæmt fyrirmælum þar um. Með athöfnum sínum hafi stefndi stuðlað að því að móttakandi hafi náð umráðum yfir vörunni. Kaupandi hafi að öllum líkindum aldrei ætlað sér að greiða stefnanda fyrir vöruna því hann hafi framvísað öðrum lægri vörureikningi í þeim tilgangi að fá vöruna tollafgreidda. Þótt kaupandi hafi eftir afhendingu vörunnar samþykkt greiðslufyrirmæli í Arion banka og þar með greiðslu á hinum rétta vörureikningi fyrir vörum stefnanda sýni málsgögn að kaupandi hafi fyrir tilstilli afhafna og stórkostlegs gáleysis stefnda náð yfirráðum yfir vörunni.

Stefnandi hafi í upphafi ekki getað staðreynt endanlegt tjón sitt, m.a. vegna þess að hann taldi nauðsyn að fullreyna hvort krafan fengist greidd af kaupanda, Icepuffin ehf. Endanlegt tjón stefnanda hafi loks fengist staðreynt með útivistardómi í máli hans

gegn Icepuffin ehf., þar sem tildæmd fjárhæð samkvæmt reikningi hafi samsvarað varakröfu stefnanda í máli þessu, en ekkert hafi fengist upp í þá kröfu frá Icepuffin ehf. Í fyrstu hafi þó verið nauðsyn að fá a.m.k. skorið úr um bótaábyrgð stefnda.

Vegna ákvæðis í almennum skilmálum stefnda telji stefnandi sig verða að höfða mál innan árs frá því að stefndi hafi afhent vöruna, en stefnandi mótmælir því að stefndi geti borið fyrir sig slíkt ákvæði, m.a. í ljósi atvika málsins, saknæmrar háttsemi stefnda og ákvæða 36. gr. laga nr. 7/1936. Hafi stefnandi þannig leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni, í hverju það felist og hver tengslin séu við saknæma háttsemi stefnda, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Krafa stefnanda miðist hér við verðmæti vörunnar samkvæmt fyrirbyggjandi útgefnum vörureikningi frá stefnanda. Þá hafi stefnandi einnig orðið fyrir verulegum kostnaði vegna athafna stefnda sem nemi um USD 134,213,73, en höfuðstóll kröfu stefnanda sundurliðast svo:

1.	Verðmæti vöru samkvæmt reikningi	USD 540,786,27-
2.	Ýmis kostnaður vegna sendingar	USD 134,213,73-
	Samtals	USD 675.000,00-

Ekki hafi enn gefist ráðrúm til að afla fullnægjandi gagna til stuðnings kröfu um annan kostnað í lið 2 að ofan. Varakrafa byggir á verðmæti vöru samkvæmt útgefnum vörureikningi. Krafa um skaðabótavexti byggir á 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 þannig að höfuðstóll kröfunnar beri skaðabótavexti frá þeim degi er hið bótaskylda atvik hafi átt sér stað, 20. september 2016. Þá sé krafist dráttarvaxta frá 14. september 2017 sem sé þingfestingardagur máls þessa. Krafa um málskostnað byggir á 1. mgr. 129. gr. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísist til ákvæðis greinar 5.4 í almennum skilmálum stefnda og ákvæða í 33. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir málsástæðum og lagarökum stefnanda en byggir á eftirfarandi;

Hvað varði lög og lögsögu þá sé óumdeilt að beita skuli íslenskum lögum um ágreininginn og að leysa skuli úr málinu fyrir íslenskum dómstólum. Stefndi leggi áherslu á að aðilar séu sammála um að ákvæði siglingalaga nr. 34/1985 (siglingalög) gildi um réttarsambandið enda sé mælt fyrir um slíkt í almennum skilmálum stefnda.

Hvað varði fyrst aðalkörfu stefnda um sýknu af kröfum stefnanda þá sé í fyrsta lagi byggt á aðildarskortri þar sem ekkert réttarsamband sé á milli stefnda og stefnanda og verði því að sýkna stefnda vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi hafi gert flutningssamning við Shine um flutning vörunnar frá Indlandi til Íslands, sbr. farmskírteini er Shine hafi gefið út 11. ágúst 2016. Með því hafi Shine orðið farmflytjandi og stefnandi farmsamningshafi, sbr. 1. mgr. 21. gr. siglingalaga.

Lögð sé áhersla á þá almennu reglu flutningaréttar að farmskírteini sé sönnun fyrir þeim samningi sem aðilar hafi gert um flutning vöru og þar með um þær reglur sem aðilar hafi sammælst um að eigi að gilda um réttindi og skyldur þeirra. Sé almennt

gengið út frá því að ákvæði sem séu í skilmálum farmskírteinis séu bindandi og marki réttarstöðu aðila, sbr. dóm Hæstaréttar málinu nr. 243/2001. Svo sem fram komi í skilmálum ofarlega til hægri á framhlið nefnds farmskírteinis hafi Shine tekið við vörunni, að því er séð verði, í góðu ástandi á móttökustað, til flutnings og afhendingar. Tekið sé fram að Shine muni sjá um flutninginn eða framkvæmd hans frá móttökustað til afhendingarstaðar og að Shine beri ábyrgð á flutningnum. Þá sé gert ráð fyrir að framvísa verði einu eintaki af farmskírteininu, rétt framseldu, í skiptum fyrir vöruna.

Í lið (k) í 1. gr. í skilmálum á bakhlið farmskírteinisins sé mælt fyrir um að Shine geri flutningssamninginn í eigin nafni, sé ekki umboðsmaður sendanda, eða annars flytjanda sem taki þátt í flutningum og beri ábyrgð á framkvæmd hans. Í 3. gr. skilmála sé svo mælt fyrir um að með útgáfu farmskírteinisins taki Shine að sér að framkvæma flutninginn og/eða að útvega í eigin nafni framkvæmd flutningsins, að bera ábyrgð á verkum undirverktaka og öðrum aðilum er Shine noti við framkvæmd flutningsins, að framkvæma, eða útvega framkvæmd, á öllum verkum sem nauðsynleg séu til þess að tryggja afhendingu á vörunni og að bera ábyrgð á tapi eða skemmdum á vörunni og bæta tjón sem af því leiði í samræmi við ákvæði farmskírteinisins. Þá segi þar í 16. gr. að skyldum Shine í sambandi við afhendingu á vörunni ljúki þegar það eða einhver á þess vegum hafi í góðri trú afhent vöruna gegn einu frumriti af farmskírteininu.

Samkvæmt þessum skýru ákvæðum hafi Shine borið ábyrgð gagnvart stefnanda á afhendingu á vörunni til móttakandans, Icepuffins í Reykjavík, hvort sem Shine hafi sjálf séð um afhendinguna eða annar aðili á þess vegum. Sé Shine því ljóslega réttur aðili til þess að beina að kröfu um bætur vegna meintrar rangrar afhendingar á vörunni.

Shine hafi fengið skipafélagið CMA-CGM til þess að annast flutninginn að öllu leyti fyrir sig, þar með talið að afhenda vöruna í Reykjavík, eins og fram komi í því óframseljanlega fylgibréfi (OBL) sem CMA-CGM hafi gefið út vegna flutningsins. Með því hafi CMA-CGM orðið undirverktaki Shine og framkvæmdarflytjandi vörunnar. Samkvæmt fyrirliggjandi þjónustusamningi CMA-CGM og stefnda þá sé stefndi umboðsmaður CMA-CGM á Íslandi. Sem slíkur hafi stefndi tekið að sér að afhenda vöruna til móttakandans, Icepuffins, fyrir hönd CMA-CGM. Stefndi hafi engar skyldur borið gagnvart Shine eða stefnanda enda ekki í réttarsambandi við þá. Hans skyldur hafi aðeins verið gagnvart CMA-CGM á grundvelli þjónustusamnings þeirra. Með vísan til þess mótmælir stefndi því að hann hafi verið umboðsmaður stefnanda og að hann hafi tekið að sér þjónustu fyrir stefnanda. Þvert á móti beri gögn ljóslega með sér að stefndi og stefnandi hafi ekki átt í neinum viðskiptum með vöruna.

Af almennum reglum samningaréttar megi ráða að aðili verði ekki umboðsmaður annars aðila, umbjóðanda, nema fyrir liggja samningur, eða þá annars konar heimild til milligöngu, sem hafi að geyma yfirlýsingu umbjóðandans til umboðsmannsins um að honum sé falið að inna af hendi tiltekið verk fyrir sig. Engin gögn hafi verið lögð fram

í málinu um slíka heimild frá stefnanda til stefnda þar sem stefnda sé falið að afhenda vöruna á Íslandi fyrir stefnanda sem umboðsmaður hans. Þvert á móti liggi hér fyrir samningur þar sem stefndi hafi tekið að sér að vera umboðsmaður CMA-CGM við afhendingu vörunnar á Íslandi. Sem slíkur hafi stefndi tekið við fyrir mælum frá Shine fyrir hönd CMA-CGM um afhendingu á vörunni í Reykjavík, eins og komi fram í tölvupósti frá Shine, dags. 22. ágúst 2016, sem sendur hafi verið til cma-cgm@tvlg.is.

Þá hafi stefnandi ekki lagt fram gögn er sanni að hann hafi gefið stefnda fyrir mæli um vöruna og/eða að þeir hafi verið í samskiptum út af vörunni. Einu samskipti stefnda út af vörunni hafi verið við farmflytjandann Shine sem umboðsmaður CMA-CGM. Því geti reglur laga nr. 7/1936 og samningaréttar um umboð ekki komið hér til álita. Þar sem ekkert réttarsamband sé á milli stefnanda og stefnda þá verði ekki hjá því komist að sýkna stefnda vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Í öðru lagi, verði ekki fallist á framangreint og talið að málsaðilar hafi verið í réttarsambandi, verði þó að sýkna stefnda þar sem krafan sé fallin niður fyrir fyrningu.

Shine hafi tekið að sér, sem farmflytjandi, að flytja farminn fyrir stefnanda frá Indlandi til Íslands og afhenda til móttakanda, Icepuffin, á starfsstöð hans í Reykjavík gegn afhendingu á einu frumriti farmskírteinisins. Með því hafi Shine tekið að sér þá skyldu gagnvart stefnanda að afhenda ekki farminn, eða sjá til þess að undirverktaki afhenti ekki farminn, nema gegn framvísunum á einu frumriti af farmskírteininu. Um hafi verið að ræða samningsbundna skyldu. Réttur stefnanda til skaðabóta fyrir meinta ranga afhendingu hafi því byggst á þessu farmskírteini hvort sem henni sé þá beint að farmflytjanda, Shine, eða öðrum sem Shine hafi fengið til að framkvæma flutninginn.

Samkvæmt 22. gr. í skilmálum farmskírteinisins fyrnist kröfur í tengslum við flutning samkvæmt skilmálunum hafi mál ekki verið höfðað innan níu mánaða frá þeim degi þegar varan hafi verið afhent eða þeim degi þegar hafi átt að afhenda hana. Hafi stefnandi því samþykkt að allar kröfur, þ.m.t. kröfur vegna þess að vara væri afhent án frumrits farmskírteinis, falli niður fyrir fyrningu hafi hann ekki höfðað mál út af því innan níu mánaða frá því varan hafi verið afhent eða hana hafi átt að afhenda.

Í þessu sambandi ítreki stefndi þá almennu reglu flutningaréttar að farmskírteini sé sönnun um samning sem aðilar hafi gert um flutning vöru og að það sé bindandi og marki réttarstöðu aðila. Varan hafi verið afhent móttakanda, Icepuffin, 30. september 2016. Miðað við það sé ljóst að níu mánaða fyrningarfrestur hafi runnið út 30. júní 2017. Íslensk lög, þ.m.t. siglingalög, gildi um ágreininginn. Samkvæmt 218. gr. siglingalaga skuli fara eftir íslenskum lögum um það hverjar athafnir rifti fyrningu og um önnur atriði sem varði fyrningu. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda sé fyrningu m.a. slitið er mál teljist höfðað sé mál sótt fyrir dómstólum. Samkvæmt 93. gr. laga nr. 91/1991 teljist mál höfðað þegar stefna sé birt eða árituð um viðtöku samrits hennar, sbr. 3. mgr. 83. gr. laganna. Stefna hafi hér verið birt með

áritun lögmanns stefnda 8. september 2017 um viðtöku samrits hennar og málið því þá höfðað. Skaðabótakrafa stefnanda hafi því verið fyrnd þegar hann hafi höfðað málið og því beri að sýkna stefnda. Breytir engu hvort krafan byggi þá á ábyrgð innan eða utan samninga, sbr. 1. mgr. 72. gr. siglingalaga, en þar segi að ákvæðum um varnir skuli beita hvort heldur sem krafan byggi á samningi eða á ábyrgð utan samninga.

Stefndi byggi á því að regla 6. töluliðar 215. gr. siglingalaga, sem mæli fyrir um að skaðabótakrafa út af því að vöru hafi verið skilað án þess að farmskírteini væri framvísað innan eins árs frá því að vöru hafi borið að skila eða frá því er henni hafi verið skilað, ef það gerist síðar, eigi hér ekki við þar sem aðilum sé heimilt að víkja frá henni með samningi, eins og ráða megi af 1. mgr. 118. gr. siglingalaga.

Þá bendi stefndi á að 217. gr. siglingalaga og lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda geri ráð fyrir því að aðilar geti samið um styttri fyrningarfrest en mælt sé fyrir um í lögum. Í þessu sambandi megi hafa til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 330/2007, en í því máli hafi rétturinn komist að þeirri niðurstöðu að regla 6. töluliðar 215. gr. siglingalaga sé ekki ófrávíkjanleg og því standi ákvæði siglingalaga ekki í vegi þess að aðilar semji um annan fyrningarfrest en greinir í nefndri reglu. Sé það auk þess tekið fram í þessum dómi að ósannað sé að á sviði sjóflutninga gildi venja um 12 mánaða fyrningarfrest í hliðstæðum tilvikum sem sé bindandi fyrir aðila.

Stefndi mótmælir því að hann geti ekki borið fyrir sig þetta samningsákvæði, annars vegar vegna verulegra vanefnda á samningsskuldbindingum sínum og hins vegar á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Í fyrsta lagi komi það fram í dómi Hæstaréttar í máli nr. 330/2007, að þótt afhending farms án framvísunar á frumriti farmskírteinis sé veruleg vanefnd, þá leiði það ekki til þess að óheimilt sé að bera fyrir sig samningsákvæði um styttri fyrningarfrest en mælt sé fyrir um í reglu 6. töluliðar 215. gr. siglingalaga. Í öðru lagi þá séu skilyrði fyrir því að víkja til hliðar efni 22. gr. í skilmálum farmskírteinisins á grundvelli 36. gr. samningalaga hér ekki fyrir hendi, enda hvorki ósanngjarnt að bera ákvæðið fyrir sig né andstætt góðri viðskiptavenju. Umrætt ákvæði hafi ekki verið talið andstætt viðskiptavenju í framangreindum dómi enda algengt að innlend og erlend skipafélög hafi reglu um níu mánaða fyrningarfrest í flutningsskilmálum sínum. Megi þar nefna flutningsskilmála Samskipa og BIMCO, en BIMCO séu stærstu alþjóðasamtök aðila tengdra sjóflutningum í heiminum, sem m.a. hafi það hlutverk að semja flutningsskilmála og aðra samninga á sviði sjóréttar.

Þá liggi fyrir að stefnandi hafi áður sent allnokkrar sendingar til Icepuffins hingað til lands samkvæmt farmskírteini Shine, þá án þess að gera athugasemd við umrædda fyrningarreglu í 22. gr. í skilmálunum, en reglan sé tilgreind á áberandi og skýran hátt í skilmálum farmskírteinisins. Þá sé tekið fram á framhlið farmskírteinisins að Shine taki að sér flutninginn og framkvæmd hans samkvæmt þeim skilmálum sem þar komi fram. Stefnandi hafi því vitað eða mátt vita að krafa hans myndi falla niður vegna

fyrningar ef hann fylgdi henni ekki eftir með lögsókn innan níu mánaða frá afhendingu vörunnar eða þeim degi þegar hafi átt að afhenda hana. Stefnandi sé framleiðandi og seljandi veiðarfæra og búnaðar sem stundi alþjóðaviðskipti með þeim réttaráhrifum sem því fylgi þegar komi að því að meta stöðuna gagnvart farmflytjendum. Þá sé þessi fyrningarregla ekki óeðlileg í samanburði við skilmála hjá innlendum og erlendum skipafélögum. Staða stefnanda við samningsgerð og atvik að öðru leyti hafi því ekki verið þannig að víkja eigi umræddri fyrningarreglu í 22. gr. í skilmálunum til hliðar.

Þótt atvik séu ekki með sambærilegum hætti í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 243/2001 sé þó hægt að hafa þann dóm til hliðsjónar við úrlausn á þessu atriði þar sem málið hafi snúist um það hvort víkja ætti til hliðar, á grunni 36. gr. samningalaga, ákvæði í flutningsskilmálum farmbréfs, um að ekki skuli koma til greiðslu vaxta fyrr en frá dómsuppsögu. Sá dómur hafi lagt áherslu á það að farmbréfið væri grundvöllur réttarsambands farmsamningshafa og farmflytjanda og vaxtaákvæðið væri ótvírætt. Þá hafi það ekki haft áhrif á matið að um hafi verið að ræða réttarágreining neytanda og skipafélags. Sömu sjónarmið eigi við hér sem leiði til þess að ekki komi til greina að víkja fyrningarreglu í 22. gr. í skilmálunum til hliðar á grunni 36. gr. samningalaga. Krafa sé því fallin niður fyrir fyrningu þar sem henni hafi ekki verið fylgt eftir með lögsókn innan þess tíma er um hafi verið samið í gr. 22 í skilmálum farmskírteinisins.

Verði ekki fallist á þetta og talið að skaðabótakrafa stefnanda sé ekki fallin niður fyrir fyrningu byggji stefndi á því að sýkna verði hann samt sem áður þar sem skilyrði sakarreglunnar séu ekki fyrir hendi. Byggi stefnandi á því, að sú háttsemi stefnda að afhenda vöruna til Icepuffins, án framvísunar farmskírteinis, þvert gegn fyrir mælum hans, hafi leitt til þess að Icepuffin hafi ekki greitt fyrir vöruna á gjalddaga, 10. febrúar 2017. Með því kveðist stefnandi hafa orðið fyrir tjóni er stefndi beri skaðabótaábyrgð á eftir reglum skaðabótaréttar um sérfræðiábyrgð eða almennum reglum hans, einkum sakarreglunni. Því mótmæli stefndi þar sem reglur skaðabótaréttar um sérfræðiábyrgð nái ekki til umboðsmanna skipafélaga eða flutningsmiðlara þar sem engin fræðileg menntun og/eða starfsþjálfun fylgi slíkum störfum. Komi því ekki til greina að hliðra hér til þeim sönnunarkröfum sem almennt hvíli á stefnanda samkvæmt sakarreglunni.

Eftir almennum reglum skaðabótaréttar beri tjónþoli sönnunarbyrði fyrir því að öll skilyrði sakarreglunnar séu fyrir hendi, þ.m.t. að orsakatengsl séu á milli háttsemi tjónvalds og þess tjóns sem bóta sé krafist fyrir og að tjónið sé sennileg afleiðing af þeirri háttsemi. Stefnandi verði því að sanna að framangreind háttsemi stefnda hafi leitt til þess að Icepuffin hafi ekki greitt fyrir vöruna á gjalddaga 10. febrúar 2017 og að sú vanefnd Icepuffins sé sennileg afleiðing af þeirri háttsemi stefnda. Takist þessi sönnun um orsakatengsl og/eða sennilega afleiðingu ekki beri hér að sýkna stefnda. Með hliðsjón af eftirfarandi byggji stefndi á því að hvorugt skilyrðið sé hér fyrir hendi.

Í fyrsta lagi þá byggja stefnandi á því að hafa orðið fyrir tjóni vegna vanefnda Icepuffins á greiðslu reikningsins á gjalddaga hans, sem sé 180 dögum eftir útgáfu farmskírteinis Shine, eða 10. febrúar 2017. En fyrir liggi ótvírætt í gögnum málsins að stefnandi hafi selt umrædda vöru til Icepuffins samkvæmt þeim skilmála að afhenda ætti frumrit af farmskírteininu til Icepuffins gegn því að Icepuffin ritaði undir heimild til skuldfærslu á bankareikning sinn hjá Arion banka. Skyldi sú skuldfærsla nema verðmæti vörunnar samkvæmt vörureikningi sem stefnandi hafi sent með frumritinu til bankans óháð því hvenær gjalddagi reikningsins hafi verið. Þannig hafi stefnandi sjálfur gert ráð fyrir því að Icepuffin fengi frumritin í sínar vörslur og gæti þar með fengið vöruna afhenta löngu fyrir gjalddaga reikningsins. Stefnandi hafi því ekki gert það að skilyrði fyrir afhendingu vörunnar að búið væri að greiða fyrir hana.

Stefnandi hafi sent frumrit farmskírteinisins til Arion banka, þann 3. september 2016, með framangreindum skilmálum. Það þýði að Icepuffin hafi átt kost á því að fá frumrit farmskírteinisins í sínar hendur frá og með þeim degi, og þar með umráð vörunnar, með þeim réttaráhrifum að stefnandi hafi ekki getað selt hana öðrum, né látið endursenda hana til sín. Afhending vörunnar til Icepuffins hafi því frá upphafi ekki verið háð því að Icepuffin greiddi reikninginn á gjalddaga. Þvert á móti hafi stefnandi gert ráð fyrir því að varan yrði afhent Icepuffin löngu fyrir gjalddaga, er sýni, svo ekki verði um villst, að umráðaréttur hans yfir vörunni hafi ekkert haft með greiðslu á reikningnum að gera. Hafi stefnandi ætlað að tryggja greiðslu reikningsins, áður en til afhendingar hafi komið, hefði honum verið í lófa lagið að selja vöruna með þeim skilmála að ekki ætti að afhenda frumrit farmskírteinisins til Icepuffins nema gegn greiðslu kaupverðs. Fullyrðingu um það að háttsemi stefnda hafi orðið til þess að stefnandi hafi glatað umráðum yfir vörunni sé því hafnað sem rangri og ósannaðri.

Í öðru lagi liggi fyrir að þótt stefndi hafi afhent vöruna til Icepuffins 30. september 2016 án þess að fá frumrit af farmskírteininu í hendur þá hafi hann fengið það í hendur skömmu síðar eða þann 24. nóvember 2016. Þá hafi enn verið 78 dagar þangað til reikningurinn hafi fallið í gjalddaga. Umræddur dráttur á því hafi því hér engu máli skipt. Vanefnd Icepuffins á gjalddaga reikningsins, og þar með tjón stefnanda vegna hennar, hafi því augljóslega verið allskostar óháð háttsemi stefnda.

Í þriðja lagi sé ljóst að tollafgreiðsla vörunnar hafi ekkert haft með meint tjón stefnanda að gera. Hún hafi verið framkvæmd á grundvelli vörureiknings frá Icepuffin sem hafi verið í samræmi við þá vörureikninga sem legið hafi áður til grundvallar þeim tollafgreiðslum sem stefndi hafði þegar gert fyrir Icepuffin vegna samsvarandi innflutnings fyrr á árinu 2016 og 2105. Stefndi hafi þar af leiðandi verið í góðri trú um það að viðkomandi vörureikningur bæri með sér rétt markaðsverð vörunnar.

Þegar þetta allt sé virt sé ljóst að háttsemi stefnda hafi engin áhrif haft á greiðslu reikningsins á gjalddaga. Enda hafi afhending vörunnar á engan hátt verið skilyrt því

að búið væri að greiða reikninginn. Þvert á móti hafi stefnandi selt Icepuffin vöruna með þeim skilmála að nóg væri að Icepuffin gengi frá greiðslufyrirmælum hjá Arion banka um að skuldfæra mætti af reikningi Icepuffins þar á gjalddaga reikningsins. Því sé ljóst að vanefnd Icepuffins á greiðslu reikningsins, og þar með tjón stefnanda, leiði hvorki af háttsemi stefnda að afhenda vöruna til stefnanda áður en reikningurinn hafi verið greiddur né heldur sé tjónið sennileg afleiðing af þeirri háttsemi, sem þá leiði til þess að ekki geti komið til bótaábyrgðar stefnda eftir sakarreglunni eða öðrum reglum.

Verði ekki fallist á þetta og samt talið að stefnandi eigi skaðabótakröfu á hendur stefnda þá krefjist stefndi þess að hann verði samt sem áður sýknaður þar sem umfang tjóns sé ósannað. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn um það að Icepuffin hafi ekki greitt fyrir vöruna eða muni ekki gera það. Þá hafi ekki verið lögð fram nein gögn um innheimtu kröfunnar hjá samningsflytjanda Shine og/eða framkvæmdarflytjanda CMA-CGM. Á meðan slík gögn liggi ekki fyrir sé umfang hins meinta tjóns ósannað. Stefndi leggi áherslu á skyldu stefnanda til að reyna að takmarka tjón sitt, sem felí m.a. í sér að innheimta kröfuna með fullnægjandi hætti hjá framangreindum aðilum.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda um sýknu sé þess krafist að stefnukröfur verði lækkaðar. Í 12. gr. í skilmálum farmskírteinis Shine sé mælt fyrir um það að þegar vitað sé á hvaða stigi flutnings tjón eigi sér stað skuli ákveða bætur eftir þeim landslögum þar sem atvikið hafi átt sér stað. Aðilar séu sammála um að siglingalög gildi um réttarsamband þeirra, enda beinlínis gert ráð fyrir því í III. kafla almennra skilmála stefnda. Samkvæm því beri að ákveða bætur eftir 1. til 3. mgr. 70. gr. þeirra laga. En samkvæmt 1. og 2. mgr. 70. gr. beri að ákveða bætur eftir því verðgildi sem varan myndi hafa haft ósködduð við afhendingu á réttum stað og tíma. Skuli miða við opinbera verðskráningu eða markaðsverð. Bæturnar geti þó ekki orðið hærri en 667 SDR fyrir hvert stykki eða flutningseiningu eða 2 SDR fyrir hvert brúttókíló vöru. Skuli miða við þá fjárhæð sem hæst geti orðið. Með SDR sé átt við þá alþjóðlegu verðmæliseiningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn noti, sbr. 7. mgr. 177. gr. laganna.

Með hliðsjón af framangreindum reglum krefjist stefndi að stefnukrafan í aðal- og varsök verði lækkuð verulega. Í fyrsta lagi sé því mótmælt að verðmæti vörunnar í framangreindum skilningi hafi verið USD 540.786,27. Þvert á móti virðist verðmæti vera USD 66,386.00, sem fram komi í vörureikningi sem framvísað hafi verið við tollafgreiðslu. Sé það í samræmi við vörureikninga stefnanda fyrir sambærilegar vörur sem sendar hafi verið hingað til lands með sama hætti fyrr á árinu 2016, sérstaklega reiknings nr. EXP006, dags. 31. júní 2016. Sé vörureikningi nr. EXP003, dags. 8. ágúst 2016, því mótmælt sem röngum og ekki í samræmi við markaðsvirði vörunnar. Sönnunarbyrði um umfang tjónsins hvílir annars óskipt á stefnanda. Af þeim sökum verði að túlka allan vafa, ef einhver sé, honum í óhag. Stefndi verði þá heldur aldrei

ábyrgur fyrir tjóni á vöru ef sendandi hennar hefur með sviksamlegum hætti gefið rangar upplýsingar um verð hennar, sbr. 5. mgr. 70. gr. siglingalaga.

Í örðu lagi sé „ýmsum kostnaði vegna sendingar“ að fjárhæð USD 134.213,73 mótmælt sem ósönnuðum. Engin gögn hafi verið lögð fram um þann meinta kostnað. Þá sé ósannað að rekja megi hann til háttsemi stefnda eða að hann sé sennileg afleiðing af henni. Auk þess falli óbeint eða afleitt tjón ekki undir 70. gr. siglingalaga og geti því aldrei komið til greiðslu slíks meints kostnaðar.

Í þriðja lagi, beri í öllu falli að takmarka bæturnar sem hér segi, en miðað sé við lýsingu vörunnar í farmskírteini Shine, sbr. 2. og 3. mgr. 70. gr. siglingalaga;

- 9 stykki (bretti) x 667 SDR = 6,003 SDR
- 8,485.100 kg. x 2 SDR = 16,970.20 SDR

Þar sem miða eigi við það sem sé hærra sé þess krafist að bætur verði ekki ákveðnar hærri en 16,970.20 SDR, sem samsvari 23,935.87 USD miðað við gengi USD gagnvart SDR þann 11. desember 2017. Rétt sé þó að taka fram að samkvæmt 7. mgr. 177. gr. siglingalaga beri að reikna SDR yfir í USD eftir gengi þess dags er greiðsla fari fram. Að því virtu byggji stefndi á því að bætur verði ekki ákveðnar hærri en 16,970.20 SDR eða jafnvirði þess í USD á dómsuppsögudegi.

Stefndi byggji á því að ákvæði 6. mgr. 70. gr. siglingalaga, og þar með önnur samsvarandi ákvæði, eigi ekki við. Fyrst og fremst vegna þess að almennir starfsmenn stefnda hafi afhent vöruna til Icepuffins, en ekki æðstu stjórnendur félagsins, en við slíkar aðstæður eigi 6. mgr. 70. gr. siglingalaga og samsvarandi reglur ekki við. Þá sé ekki heldur um að ræða ásetning eða gáleysi af því tagi sem lýst sé í nefndu ákvæði. Í því sambandi leggi stefndi áherslu á það að greiðsla reikningsins hafi hér ekki verið háð afhendingu á vörunni. Stefnda hafi því ekki verið ljóst að tjón myndi sennilega hljóttast af háttsemi hans. Þannig hafi stefnda ekki verið ljóst þegar hann hafi afhent Icepuffin vöruna, 30. september 2016, að ekki yrði innistæða á bankareikningi Icepuffins hjá Arion banka á gjalddaga reikningsins þann 10. febrúar 2017. En umrædd regla í 6. mgr. 70. gr. siglingalaga sé undantekning sem beri að túlka þröngt.

Í fjórða lagi byggir stefndi á því að ef ekki verður fallist á að ákveða eigi ábyrgð hans eftir siglingalögum, þá skuli a.m.k. takmarka ábyrgð hans eftir viðkomandi takmörkunareglum í almennum fyrirliggjandi skilmálum stefnda, eftir því er við eigi.

Í fimmta lagi mótmælir stefnandi sérstaklega kröfu stefnanda um skaðabótavexti og dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu á kröfu sem sé í erlendri mynt. Stefndi telji vexti samkvæmt íslenskum lögum byggja á þeirri forsendu að krafan sé í íslenskum krónum og því ósanngjarnt og í andstöðu við ákvæði nefndra laga að krefjast íslenskra vaxta af stefnukröfum sem séu í erlendri mynt. Verði ekki fallist á það sé upphafstíma dráttarvaxta mótmælt en sanngjarnt og eðlilegt sé þá að miða við dómsuppsögudag.

Stefndi byggji einkum á siglingalögum nr. 34/1985, almennum reglum flutninga-kröfu- og samningaréttar og lögum nr. 91/1991, eftir því sem við kunni að eiga.

Niðurstaða

Málavextir liggja í meginráttum fyrir, en stefnandi vísar hér til þess að fjölþætt kröfugerð hans í máli þessu taki mið af því að dómur í máli hans gegn skuldaranum, Icepuffin Fishing Gear ehf., hafi í fyrstu ekki legið fyrir. Sbr. nú dómur Landsréttar í máli nr. 770/2019 frá 3. apríl 2020, þar sem Icepuffin, sem lét málið þá ekki lengur til sín taka eftir að hafa verið sýknað í héraði, var dæmt til þess að greiða stefnanda 655.550 bandaríkjadali, auk þar tilgreindra dráttarvaxta, vegna vanefnda við það að greiða fyrir þær vörur sem hér er deilt um. Liggur hér einnig fyrir að innheimta þeirrar kröfu bar ekki árangur, sbr. endurrit úr gerðabók um árangurslaust fjárnám, dags. 26. maí 2020, sem og gögn um gjaldþrotaskipti hjá Icepuffin án þess að eignir hafi fundist, dags. 11. janúar 2021. Þá hefur stefnandi vísað til þess að honum hafi ekki auðnast að afla nauðsynlegra gagna frá umbjóðanda sínum um viðbótarkostnað til þess að styðja við aðalkörfu hans í málinu. En framangreindur dómur Landsréttar staðfesti tjón hans, sbr. sá vörureikningur sem þar sé lagður til grundvallar, dags. 8. ágúst 2016, að fjárhæð 540,786.27 bandaríkjadali, sem samsvari varakröfu stefnanda og hann leggi nú einkum áherslu á. En þrautavarakrafan hafi einkum haft þýðingu áður en fjárhæðir hafi legið fyrir. Telur stefnandi að stefndi beri bótaábyrgð gagnvart honum vegna þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir vegna þeirra óumdeildu mistaka sem orðið hafi við afhendingu vörunnar hjá stefnda. Það er með afhendingu hennar til Icepuffin þann 30. september 2016 án þess að framvísað hafi þá verið farmskírteini svo sem vera bar. En ógreidd varan hafi svo glatast í vörslum Icepuffin eftir þessi mistök stefnda og byggir stefnandi bótakörfu sína hér hvoru tveggja á ábyrgð stefnda innan sem utan samninga.

Af hálfu stefnda er fallist á það að mistök hafi óumdeilanlega átt sér stað þegar umrædd vara hafi verið afhent til Icepuffin Fishing Gear ehf., 30. september 2016, án þess að tilskildu farmbréfi hafi þá verið framvísað til stefnda af hálfu Icepuffins, en það er, sem að framan segir, óumdeilt í málinu að það hafi skilyrðislaust borið að gera. Hins vegar telur stefndi sig þó engu að síður ekki bera ábyrgð gagnvart stefnanda á því tjóni er leitt hefur af vanefndum Icepuffins og ber fyrir sig fjölmargar málsástæður sem raktar eru nánar hér að framan. Meðal þeirra er í fyrsta lagi sú málsástæða stefnda að samkvæmt ákvæðum siglingalaga nr. 34/1985, sem ótvírætt gildi um flutninginn allt til afhendingar vörunnar, sem og fyrirbyggjandi málsgögnum, þ. á m. hlutaðeigandi farmskírteini um flutning vörunnar frá Indlandi til Íslands, dags. 11. ágúst 2016, og skilmálum þess, þá verði að telja það ótvírætt að stefnandi og stefndi hafi ekki verið í neinu samningssambandi varðandi umrædd viðskipti, eins og rakið er hér að framan, sem leiði þá til þess að skaðabótaábyrgð innan samninga geti hér ekki komið til álita.

Hvað varðar þá meinta bótaábyrgð stefnda gagnvart stefnanda utan samninga, þá vísar stefndi m.a. til þess að þá verði stefnandi að sanna tilskilin sakarskilyrði, þ. á m. um orsakatengsl og sennilega afleiðingu. En stefndi hefur vísað til þess að þau mistök sem gerð hafi verið við afhendingu vörunnar hafi í raun verið leiðrétt eftir á með því að framvísað hafi verið tilskildu farmskírteini til stefnda löngu áður en reynt hafi á vanefndir kaupanda vörunnar, Icepuffins. En þann 24. nóvember 2016 hafi vörsluaðili umrædds farmskírteinis, Arion banki, staðfest að uppfyllt hafi verið greiðslufyrirmæli stefnanda og öll tilskilin skjöl þá síðan borist til stefnda, en þetta hafi verið uppfyllt löngu áður en skuld Icepuffins og mögulegar vanefndir þess við stefnanda hafi getað komið til álita m.v. gjalddaga kröfunnar, sem óumdeilt var þann 10. febrúar 2017.

Að mati dómsins verður, miðað við allt framangreint og það sem liggur fyrir, að fallast á með stefnda að eiginlegt samningssamband hafi hér ekki verið fyrir hendi í umræddum lögskiptum málsaðila. En, svo sem rakið er að framan af hálfu stefnda, þá leiðir af siglingalögum og ákvæðum í umræddu farmskírteini, dags. 11. ágúst 2016, að félagið Shine hafi hér verið farmflytjandinn en stefnandi farmsamningshafi, sbr. 1. mgr. 21. gr. siglingalaga nr. 34/1985. CMA-CGM hafi síðan verið undirverktaki Shine og framkvæmdarflytjandi vörunnar. Sá aðili hafi svo síðan fengið stefnda, samkvæmt þjónustusamningi CMA-CGM og stefnda frá 2007 um umboðsmennsku stefnda í þágu CMA-CGM hér á landi, til þess að sjá um að afhenda vöruna til móttakandans, Icepuffin, þá fyrir hönd CMA-CGM. Stefndi hafi því engar beinar samningsskyldur borið gagnvart Shine né heldur stefnanda enda stefndi ekki í neinu samningssambandi við þá aðila samkvæmt því er liggur fyrir í málinu. Leiðir þetta til þess að bótaábyrgð stefnda innan samninga kemur hér ekki til álita, en ekki er sýnt fram á á hvaða öðrum grunni hún ætti þá að vera reist. Þá er fallist á með stefnda að afhending vörunnar hafi ótvírætt verið þáttur í flutningi samkvæmt farmskírteini, sbr. 61-67. gr. siglingalaga, og verður þá heldur ekki séð að stefndi geti borið ábyrgð gagnvart stefnanda, eins og lýst er í ákvæðum 73. gr., er tekur aðeins til farmflytjanda og framkvæmdarflytjenda.

Hvað varðar þá síðan meinta skaðabótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda utan samninga þá verður fallist á með stefnda að stefnanda hafi í því sambandi ekki auðnast að sýna hér nægilega fram á það að uppfyllt séu almenn skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu hvað varðar meint tjón stefnanda og mistök stefnda. Helgast það af því að ekki verður séð að hin óumdeildu mistök af hálfu stefnda við afhendingu vörunnar í upphafi geti talist hafa verið afgerandi um það að kaupandinn, Icepuffin, vanefnir síðan skyldur sínar um greiðslu fyrir þær vörur gagnvart stefnanda og honum auðnast þá ekki að endurheimta vörunar eða ná fram kröfunni gagnvart skuldaranum.

Liggur þannig fyrir að stefnandi ákvarðaði skilyrði til þess að varan yrði afhent þeim kaupanda vörunnar, er fólust í því að umræddur kaupandi undirritaði heimild til skuldfærslu af reikningi sínum hjá Arion banka, er síðan var gert nokkrum mánuðum

áður en kom að gjalddaga vörunnar og vanefndum í þeim kaupum, sbr. framangreint. Ekkert liggur hér fyrir í málinu um það að stefnandi hafi ætlað sér að reyna að rifta viðskiptum um vöruna við Icepuffinn á því 55 daga tímabili sem varan hafði svo verið ranglega afhent til Icepuffin af hálfu stefnda þann 30. september 2016 og þar til að tilskilin gögn til afhendingar hennar lágu loks fyrir hjá stefnda, 24. nóvember 2016. Verður því ekki talið sýnt fram á að stefnandi hafi haft gildar ástæður til þess að tengja saman annars vegar framangreind mistök við afhendingu vörunnar af hálfu stefnda og það tjón sem hann hafi svo síðar orðið fyrir við vanefndir Icepuffins. Er því ekki sýnt fram á af hálfu stefnanda að uppfyllt hafi verið skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu til þess að skaðabótaskylda stefnda gagnvart stefnanda geti komið til álita.

Að mati dómsins verður þegar af framangreindum ástæðum að sýkna stefnda af öllum framangreindum dómkröfum stefnanda í málinu, enda byggja þær allar á þeim grunni að sýnt sé fram á skaðabótaskyldu stefnda, þá ýmist innan eða utan samninga. Koma þá ekki til umfjöllunar frekari varnir stefnda á öðrum grunni, svo sem fyrningar. En með hliðsjón af öllu hér framangreindu verður, að mati dómsins, ekki talið að aðrar fram komnar röksemdir eða málsástæður hafi við svo búið sérstaka þýðingu í málinu eða að þær geti leitt til annarrar niðurstöðu, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Að öllu framangreindu virtu verður það því niðurstaðan að grundvöllur sé ekki fyrir hendi til að fallast megi á dómkröfur stefnanda, hvort heldur aðalkörfu, varakröfu eða þrautavarakröfu hans í málinu og verður því að sýkna stefnda af dómkröfum hans.

Eins og málið liggur fyrir þykir þó rétt að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málið fluttu Hlynur Halldórsson lögmaður, fyrir stefnanda, og Einar Baldvin Axelsson lögmaður, fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn. Dómarinn tók við meðferð málsins 5. september sl., en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

Dómsorð:

Stefndi, TVG-Zimsem ehf., er sýknaður af dómkröfum stefnanda, Beko-Dimon Fishing Co., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Pétur Dam Leifsson (sign.)